



Til bæjarráðs

Kópavogi, 4. maí 2021
2105085/999.00 JVK

Efni: Stofnun stýrihóps.

Lagt er til við Bæjarráð Kópavogs að stofnaður verði stýrihópur, vegna undirbúnings og ákvarðana um þróun húsnæðis Kórsins við Vallarkór, nánar tiltekið húsrými í kjallara Kórsins.

Stýrihópurinn verði skipaður eftirfarandi aðilum:

Bæjarstjóri, sem jafnframt er formaður hópsins
Fjórir bæjarfulltrúar
Skólastjóri Hörðuvallaskóla
Fulltrúi foreldra
Fulltrúi nemenda
Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Kúlunnar
Forstöðumaður menningarhúsa
Forstöðumaður bókasafns
Framkvæmdastjóri HK
Sviðsstjóri umhverfissviðs
Sviðsstjóri menntasviðs

Starfsmaður hópsins verður starfsmaður umhverfissviðs.
Samkvæmt erindisbréfi skal hópurinn setja sér starfsáætlun.

Hópurinn hefur það hlutverk að vera ráðgefandi við bæjarstjórn um þróun húsnæðis kjallara Kórsins. Verkefni hópsins eru eftirfarandi:

- Leggja mat á þarfir Hörðuvallaskóla hvað varðar fjölgun kennslustofa.
- Meta þarfir félagsmiðstöðvarinnar Kúlunnar.
- Leggja mat á þarfir og þróun menningarmiðstöðvar/bókasafns í efri byggðum Kópavogs.
- Leggja mat á leiðir til að styrkja enn frekar tækifæri barna til tónlistarnáms innan hverfis og í efri byggðum Kópavogs.

Stýrihópurinn skal á fyrsta fundi setja sér tímamörk um skil á niðurstöðum.

Virðingarfyllt,

Ármann Kr. Ólafsson
bæjarstjóri